



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 61/2016

Sölu- og afhendingarbann á STJÖRNUBLYS frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg

I.

Málsmeðferð

1.

Þann 29. desember 2015 fóru fulltrúar frá Neytendastofu í vöruhús Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, að Álhelli 17, 221 Hafnarfirði til að afla sýna á skoteldum til að senda til prófunarstofunnar LOM (Laboratorio oficial j.m. Madariaga) á Spáni. Tekin voru 12 eintök af STJÖRNUBLYS (RS14-033), sýni merkt IS-3, sjá mynd í fylgiskjali þessarar ákvörðunar. Send voru 10 eintök af framangreindum skoteld til prófunar hjá LOM m.t.t. staðalsins ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni“. Einu eintaki var haldið eftir hjá Neytendastofu og eitt eintak var innsiglað hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu til geymslu þar til prófun væri lokið og prófunarskýrslur borist Neytendastofu frá LOM. Framangreind sýnataka og prófun er þáttur í sameiginlegu átaksverkefni Neytendastofu og Prosafe, sem er samstarfsnet evrópskra stjórnvalda á sviði vöruöryggis. Verkefnið beindist að því að athuga hvort framfylgt væri ákvæðum vopnalaga nr. 16/1998, sbr. lög nr. 77/2015 um breytingu á þeim lögum, svo og ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, reglum settum þeim og stöðlum sem gilda um framleiðslu vörunnar.

Helstu niðurstöður prófunarinnar vegna staðalsins ÍST EN 15957-5:2010 leiddu í ljós að STJÖRNUBLYS skoteldar uppfylltu ekki skilyrði ákvæðisins 7.2.2 um grunngerð (e. functioning).

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 17 maí 2016, voru Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu kynntar niðurstöður prófunarinnar og óskað eftir frekari upplýsingum um framleiðsluna, fjölda af vörum sem óseldar væru, merkingar skotelda sem væru í birgðageymslu eða hefðu verið notaðar við sölu á umræddum vörum og flokkum skotelda, hvaða ráðstafanir væru lagðar til varðandi þær vörur sem prófaðar voru og almennt varðandi merkingar á vörum sem fyrirhugað væri að selja um næstu áramót auk þess sem að afrit af prófunarskýrslunum voru send með. Þar sem engin svör bárust Neytendastofu ítrekað stofnunin beiðni sína með bréfi dags. 30. júní 2016.



Svar barst með tölvubréfi frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, dags. 25. júlí 2016, þar sem Neytendastofu var tjáð að varan yrði ekki seld og að það magn sem til væri á lager yrði eytt. Upplýst var jafnframt að magn óseldra eintaka á lager væri 1422 stykki og að varan yrði ekki tekin inn aftur hjá félaginu hvorki endurbætt né í því formi sem hún var.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. september 2016, var fallist á að varan yrði ekki framar seld vegna þeirra ágalla sem voru á vörunni.

Með tölvupósti, dags. 2. nóvember 2016, óskaði Neytendastofa eftir því að fá staðfestingu á því að skoteldinum STJÖRNUBLYS (RS14-033) hefði verið eytt líkt og Slysavarnarfélagið Landsbjörg hafði tilkynnt Neytendastofu. Auk þess óskaði stofnunin eftir að félagið legði fram gögn sem staðfestu og sýndu fram á að vörueyðing hefði átt sér stað með öruggum hætti. Þar sem að engin svör bárust Neytendastofu við tölvupóstinum sendi stofnunin ítrekun þann 7. nóvember 2016. Sama dag barst stofnuninni svar frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu þar sem fram kom að aðeins Landhelgisgæslan sæi um að eyða skoteldum hér á landi og að ekki væri ljóst hvenær hún myndi geta eytt skoteldunum fyrir félagið. Með tölvupósti, dags. 10. nóvember 2016, óskaði Neytendastofa eftir því að stofnuninni yrði send staðfesting á að Slysavarnarfélagið Landsbjörg hefði óskað eftir eyðingu skoteldanna hjá Landhelgisgæslunni. Þar sem engin svör bárust Neytendastofu ítrekaði stofnunin beiðni sína með tölvupósti, dags. 17. nóvember 2016. Engin svör hafa borist frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg vegna eyðingarinnar eða önnur skrifleg gögn.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar skoteldana STJÖRNUBLYS (RS14-033) sem innfluttir og seldir eru hér á landi af Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu. Skoteldarnir voru sendir í prófun til prófunarstofunnar LOM (Laboratorio oficial j.m. Madariaga) á Spáni. Niðurstöður prófananna leiddu í ljós að varan uppfyllir ekki öryggiskröfur í skilningi vopnalaga, nr. 16/1998, sbr. lög nr. 77/2015, um breytingu á þeim lögum, svo og ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og gildandi staðla um flugeldavörur og sprengibúnað, ÍST EN 15957-5:2010, „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni“. Í samræmi við málsmeðferðarreglur Rapex-kerfisins gerði Neytendastofa áhættumatsgreiningu vegna þeirra ágalla sem komu fram í prófunarskýrslu LOM. Niðurstaða greiningarinnar er að „alvarleg hætta“ er af vörunni. Í svári Slysavarnarfélagsins Landsbjargar kom fram að fyrirtækið ætti enn 1422 óseld eintök af vörunni.



Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 16/1998 má einungis selja, framleiða og markaðssetja skotelda sem uppfylla kröfur laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 33. gr. a. laganna er til þess vísað að um skyldur framleiðanda og dreifingaraðila, eftirlit og málsmeðferð fari að öllu leyti eftir ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit og reglum settum samkvæmt þeim.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað telst örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

- 1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*
- 2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*
- 3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*
- 4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“*

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“

Um skotelda gilda staðlarnir ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur – sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 2: Flokkar og tegundir flugelda“, ÍST EN 15957-3:2010 „Flugeldavörur – sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 3: Lágmarkskröfur



um merkingar“, ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur – sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 4: Prófunaraðgerðir“ og ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur – sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni.“

Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu til aðgerða, afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu á vöru, ef ljóst er að hún uppfyllir ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum. Þá er eftirlitsstjórnvaldi heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu á vöru að skylda dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995.

2.

Samkvæmt prófunarskýrslu liggur fyrir að skoteldur nefndur STJÖRNUBLYS (RS14-033) stóðst ekki prófun sem gerð var á grundvelli staðalsins ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur – sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni“. Kom fram að skoteldurinn uppfyllti ekki skilyrði 7.2.2 um Function (grunngerð).

Með hliðsjón af niðurstöðu prófunarinnar og áhættumatsgreiningu Neytendastofu er ljóst að skoteldurinn STJÖRNUBLYS (RS14-033) (sjá mynd í fylgiskjali) telst ekki örugg vara í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, sbr. og gildandi ákvæði vopnalaga nr. 16/1998, með síðari breytingum. Markaðssetning og sala vörunnar er þar með óheimil skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 16/1998, sbr. og 2. gr. laga nr. 134/1995. Telur Neytendastofa því með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 21. gr., ekki hjá því komist að banna hér með alla sölu og afhendingu á umræddum skoteld. Auk þess skal Slysavarnarfélagið Landsbjörg, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, eyða öllum eintökum vörunnar og afhenda Neytendastofu skriflega staðfestingu og sönnun þess efnis frá viðeigandi aðila sem tekur að sér eyðingu hennar.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, sbr. og 3. mgr. 33. gr. a. vopnalaga nr. 16/1998, bannað að selja eða afhenda skoteldinn STJÖRNUBLYS (RS14-033)

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, skal Slysavarnarfélagið Landsbjörg eyða öllum eintökum vörunnar. Slysavarnarfélagið Landsbjörg skal jafnframt senda Neytendastofu skriflega staðfestingu og sönnun um að öllum eintökum vörunnar hafi verið eytt af þar til bærum aðila.

Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar“

Neytendastofa, 28. nóvember 2016


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir



Fylgiskjal 1

